

30 ára afmælisfundur Deltadeildar 19. nóvember 2017

Í Stúkuhúsinu á Akranesi

Fyrst og fremst langar mig að óska deildinni til hamingju með afmælið og þakka fyrir stundina, allan undirbúninginn og framlög ykkar hér í dag og alla daga.

Ég hef verið svo lánsöm í lífinu að eiga hlut að margs konar samfélögum eða hópum.

Ég á stóran systkinahóp, ég eignaðist félag í barnaskóla, heimavistarskóla, kennaraskóla, á kennarastofunni, kórnum, í gönguferðum og hér í Deltadeild. Þetta er auðvitað saga okkar allra, ekki neitt sérstakt við það. Mig langaði bara til að segja ykkur hvað þessir hópar allir eiga sameignilegt, en það er, að kærleikurinn vex með árunum. Það hef ég svo sannarlega fundið með ykkur kæru systur. Kannski vita þið ekki allar hér, að mér var boðið að taka þátt í stofnun deildarinnar á Vesturlandi. Ég var mjög upp með mér að fá boðið, það var Pálína Jónsdóttir forkólfur samtakanna á þeim árum, sem boðaði okkur nokkrar á kynningarfund í Borgarnesi. Mér leist mjög vel á kynninguna en það þyrmdi eitthvað yfir mig með að taka þátt í enn einum félagsskapnum og geta alls ekki gefið það af mér sem þyrfti. Svo ég tók ekki þátt í stofnuninni, sem Sigrún hefur lýst svo fallega og við sjáum fyrir okkur. Fór á næstu misserum að sjá útundan mér hvernig félagsskapurinn þróaðist og að viðfangsefnin, heimsóknir á áhugaverða staði og umfjöllun málefna, sem höfðuð beint í hjartastað – öllu þessu hefði ég ekki efni á að neita mér um. Og ég lét til leiðast í mars 1990. Ég viðurkenni líka fyrir ykkur svona í leiðinni að oft hef ég verið að því komin að guggna á að mæta á fundina, eða gera það sem ég hef verið beðin um – það er bara stundum svo yfirþyrmandi mikið að gera í öðru. Einhvern veginn hefur þó sannast á mér eins og fleirum að það er hægt að koma fleiru fyrir á stundatöflunni en mann órar fyrir, að mæta hressum og glöðum samverkakonum þar sem áframhald og lausnir eru það eina, sem í boði er, breytir viðhorfum, auðveldar verkið og sigrar borgir. Og nú erum við komnar hingað alla leið glaðar í bragði og það er vert að þakka fyrir félagsskapinn, sem hefur veitt mér innsýn í svo ótalmargt, verið mér mikilsverð sýmenntun öll þessi ár að ég tali nú ekki um kærleikann, sem umvefur mig og hefur vaxið með árunum eins og ég sagði áðan.

En ég var nú kannski ekki beðin um að vera hér með reynslusögur, svo nú skal ég snúa mér að því að segja í stuttu máli frá því, hvað deildin hefur aðhafst hin síðustu 15 árin (glærur með upptalningu).

Jónína Eiríksdóttir